# „Verstur er þessi innantómi andskotans hávaði"



# Árni Björnsson er ekkert á móti rokkinu „handa öðrum"

eftir Þröst Haraldsson

mynd: Jim Smart

**Rokkmúsík á sér marga formælendur — líka í þeim skilningi sem blaðamaður lagði í orðið formælendur í barnæsku, þe. þeir sem formæla einhverju. Fyrir skömmu útnefndi Helgarpósturinn Árna Björnsson eyrnalistamann „óvin rokksins númer 1". Það var af því tilefni að Árni tók að sér tónlistarþátt í útvarpinu sem hann vildi nefna „Móteitur handa miðaldra fólki". Hann er á dagskrá á undan Rokkþingi Stefáns Jóns Hafstein og hlaut á endanum nafnið Um lágnættið.**

„Mér datt þetta nafn í hug af því að mér skildist á stjórnendum útvarpsins að þátturinn ætti að vera mótvægi við rokkið, ætlaður fólki sem vill hlusta á öðruvísi tónlist á þessum tíma. Það er til. Annars veit enginn raunar hver hlustar á hvað í útvarpinu, það hafa engar marktækar kannanir verið gerðar á því. Ég gæti til dæmis best trúað því að þeir sem mest hlusta á barnatímana sé gamla fólkið. Það fylgist með því sem lesið er og sagt í þessum þáttum. Enda er það fyrst og fremst eldra fólk sem rífst og skammast út af efni þeirra, óheppilegum sögum oþh.

Í þessum þætti reyndi ég að sýna fram á að það er ekkert regindjúp milli þeirrar tónlistar sem ungt fólk, miðaldra og gamalt hlustar á, ekki eins mikið og villandi titlar á borð við „Lög unga fólksins" benda til. En fólk veit þetta ekki. Ég heyrði einhvern, ég held Hrafn Gunnlaugsson, vera að ræða um kvikmyndina Rokk í Reykjavík í útvarpinu þar sem hann sagði að fyrir daga rokksins hefði eiginlega engin dægurtónlist verið til, bara einhverjir fjallkonusöngvar eins og hann nefndi þá. Hann hefur verið 5 - 6 ára þegar rokkið kom upp og þessi orð hans staðfesta þann sannleik að það tímabil sögunnar sem maður þekkir minnst eru tíu árin áður en maður fæðist og tíu fyrstu ár ævinnar. Sagan sem kennd er nær ekki lengra og barnið fylgist ekki mikið með fyrstu árin. Sá tími er fólki hins vegar svo nálægur að það þykir bjánalegt að vera að spyrja um hann. Ég þekki þetta sjálfur. Til skamms tíma vissi ég sáralítið um millistríðsárin.

En dægurmúsík var til fyrir daga rokksins. Ég lá í henni á mínum æskuárum. Hún var ekkert betri en sú sem nú ræður ríkjum, sennilega verri. En að einu leyti vorum við skárri en rokkkynslóðin. Við urðum aldrei svo háð stjörnunum að þær yrðu okkur að fyrirmyndum. Jú, við vissum af fólki sem reif fötin utan af kvikmyndastjörnum. En við töldum okkur betri en svo að við gerðum slíkt. Það er það sem mér finnst verst við poppkynslóðina, þessi persónudýrkun. Eins og það að skynsemdarfólk hálflamaðist, þegar John Lennon var drepinn."

— En ertu óvinur rokksins?

„Ykkur á Helgarpóstinum finnst eflaust gaman að stilla hlutunum svona upp. En ég hef ekkert á móti rokkinu handa öðrum, þótt ég hafi lítið gaman af því sjálfur. Verstur er þessi innantómi andskotans hávaði, sem mér skilst reyndar að enginn hafi gaman af nema spilararnir sjálfir. Hann er blátt áfram móðgandi fyrir fólk, sem langar til að tala saman.

Það sem ég er óánægður með er að fólk telur sér trú um að það sé að vinna einhverjum málstað lið með því að hlusta á þessa tónlist. Það er alltaf erfitt að fá fólk til að viðhalda baráttuandanum. Fjölmiðlarnir ráða ferðinni og halda fólki óvirku, beina því inn á þær brautir sem valdhöfum hentar. Elsti fjölmiðill valdhafanna er kirkjan, svo koma blöð, útvarp, sjónvarp og kvikmyndir. Loks kemur verslunarpoppið sem ég fæ ekki betur séð en að sé nýtt ópíum fyrir fólkið. Fólk fer á tónleika og hlustar á tónlist með framsæknum textum og fer svo heim að sofa í þeirri fullvissu að það hafi lagt góðum málstað lið. Áður fyrr átti fólk að varpa áhyggjum sínum upp á kirkjuna. Rokkkynslóðin varpar áhyggjum sínum upp á tónlistina í stað þess að taka þátt í einhverju sem gæti breytt þjóðfélaginu. Þetta er líkt og þegar kaþólskir ganga til skrifta og koma heim alsælir En þetta úthaldsleysi er ekki alveg nýtt af nálinni. Þegar verkamennirnir voru búnir að afvopna lögregluna í Gúttóslagnum 9. nóv. 1932 og taka völdin í bænum, þá fóru þeir bara heim í mat. Það mátti ekki láta konuna bíða með soðninguna."

Í þættinum á laugardaginn hélt Árni uppi málsvörn fyrir miðaldra fólkið. Það þurfi að borga fyrir þá ungu og þá gömlu en fái ekki að gera neitt sjálft, ekki einu sinni að vera ástfangið í friði.

„Já, það er mikið talað um að gera eitthvað fyrir æskulýðinn og fyrir gamla fólkið. En hverjir eiga að gera það? Ég er ekki að biðjast undan því, en það má nú sýna okkur tillitssemi, td. að leyfa okkur að verða ástfangin."

— Hefur þú orðið fyrir aðkasti?

„Það er aldrei sagt neitt við mann sjálfan, en maður heyrir hvernig talað er um aðra. Það virðist þykja óeðlilegt að fólk nálægt fertugu verði fyrir þeirri hamingju að verða ástfangið. Það er kallað greddukast eða eitthvað enn verra."

— Veistu af hverju þessir fordómar stafa?

„Þetta eru kannski ekki fordómar heldur ákveðin öfund, gagnkvæm öfund. Miðaldra fólkið öfundar æskuna og unga fólkið öfundar okkur því við sitjum í flestum valda- og lykilstöðum þjóðfélagsins. Það er ekkert óeðlilegt að slíkt leiði af sér andúð. Það þarf að finna á okkur snögga blettti.

Þegar ég var um tvítugt hélt ég stíft fram þeirri kenningu að æskulýðurinn hefði alltaf rétt fyrir sér. Ég studdi mál mitt þeim rökum að líkamleg hrörnun hæfist um þrítugt og þar væri heilinn ekki undanskilinn. Ég hef haldið dauðahaldi í þessa kenningu en er í óþægilegri aðstöðu til að halda henni fram núna.

En æskan hefur ekki eina sál. Ég held að 20% mannfólksins sé og hafi alltaf verið í fararbroddi á sviði uppfinninga og lista. Ég tel afar ólíklegt að allir hafi byrjað að nota steinöxina á sama tíma, eða mála dýramyndir í kalkhella. Einhverjir einstaklingar hljóta að hafa byrjað. En þessir einstaklingar geta verið bölvaðir skussar á öðrum sviðum. Þessi hluti mannfólksins er nauðsynlegur, og hinn hlutinn líka. Það sama gildir um pólitíkina. Jón Sigurðsson var á undan sinni samtíð og lengst af stóð þjóðin ekki að baki honum."

— Er þetta ekki „elítukenning"? Ertu að tala um einhverja sjálfskipaða forystusveit?

„Að vissu leyti, já. Menn skipa sig kannski ekki sjálfir, en þeir eru fæddir með misjafna hæfileika. Og það er svo misjafnt, sem mennirnir leita að, og misjafn tilgangurinn, sem fyrir þeim vakir, eins og Tómas segir. Ég hef ekki langa reynslu af kennslu, en sú reynsla ýtir undir þessa kenningu. En ég tel ekki, að þetta „elítufólk" eigi að vera neitt betur launað en aðrir. Það á að vera því næg umbun, ef það fær að starfa að sínum hugðarefnum og lifa þokkalega af því. Þannig nýtist það líka heildinni best."

— Ertu þá sjálfur í „elítunni"?

„Já, ég tel mig það. Og þarf ekki mikið til. Það er oft sagt að allir Íslendingar hafi verið læsir og skrifandi allt frá söguöld. Þetta stenst að vísu ekki, það er hægt að afsanna það. En það hafa fleiri verið læsir hér en í öðrum löndum og ekki bara efnafólk. Við getum verið ánægð með okkar hlut þó við séum ekki að ýkja."

— En svo við víkjum aftur að þættinum, fékkstu einhver viðbrögð við honum?

„Já, það hringdu tveir menn meðan á honum stóð. Annar til að þakka mér fyrir. Hinn var maður á eftirlaunum sem skammaði mig fyrir að hallmæla gamla fólkinu. Hann sagðist vera búinn að borga sitt, sem er alveg hárrétt. En ég skildi ekki alveg hvað hann var að fara. Ég var að gaspra eitthvað í alvöruleysi, og ef það stendur ekki í kynningu þáttarins að hann sé „í léttum dúr" halda margir að fúlasta alvara sé á ferðum. Ég er hins vegar orðinn hrútleiður á orðum eins og „léttur þáttur" eða „létt og skemmtilegt". Það er eins með þau og stjórnmálamenn sem kalla sig frjálslynda og víðsýna. Þeir eru oftast þröngsýnir afturhaldspúkar, ekki síst ef flokkurinn þeirra kennir sig við frjálslyndi. En þessar viðræður mínar við gamla manninn enduðu í bróðerni, hann var farinn að kalla mig elskuna sína áður en hann kvaddi."

— Ertu ekki dálítið íhaldssamur, eins og Flosi?

„Jú, ég er áreiðanlega íhaldssamur."

Þögn.

„Ég er tregur til að hlaupa eftir einhverju sem gæti verið dægurfluga, sérstaklega aðvífandi heimslausnarkenningum, hvort heldur sem þær segja mér að framtíðarríkið sé í Kína eða á Kúbu."

— En varstu ekki stalínisti á yngri árum?

„Nei, fyrir einhvern seinþroska slapp ég við stalínismann. Ég lenti til dæmis aldrei í leshringjum í menntaskóla og var óverðskuldað talinn kommúnisti. Ég var hálfgert viðrini og lenti vinstra megin af eðlisávísun. Ég neitaði að ganga í Heimdall og það nægði til að ég var stimplaður kommúnisti. Þetta var í kalda stríðinu miðju.

Veturinn áður en ég fékk kosningarétt varð ég að gera upp hug minn til flokkanna. Ég beitti útilokunarreglunni og Sósíalistaflokkurinn varð einn eftir. Og þá þóttist maður verða að draga taum Sovétríkjanna. Ég sagði við sjálfan mig að þótt Sovétmenn klúðruðu hlutunum væri það ekki sósíalismanum að kenna. Ég reyndi í nokkur; ekki mörg ár að fegra ástandið fyrir austan, en Stalín dó það snemma að ég slapp við hann sem átrúnaðargoð.

Ég var í Prag í heilt ár að vinna fyrir Alþjóðasamband stúdenta og var þar þegar innrásin var gerð í Ungverjaland. Menn voru miður sín í Prag, dolfallnir yfir því að svona gæti gerst. Seinna var ég rúmt ár í Austur-Þýskalandi sem sendikennari. En það jók ekki trúna á Sovétskipulagið að dveljast fyrir austan, öðru nær. Það viðhélt tortryggninni. Þó vildi maður í lengstu lög trúa því að þetta færi batnandi. En það voru ansi fá hálmstrá eftir þegar innrásin í Tekkóslóvakíu var gerð árið 1968, þá fauk það síðasta. En það væri ekki rétt að segja að ég hafi orðið fyrir miklu áfalli, þetta var löng þróun og ég hafði lengi verið í miklum vafa. Þetta var ekki meira en þegar maður hætti að trúa því að Íslendingasögurnar væru óyggjandi sannleikur."

— Nú ertu yfirmaður þjóðháttadeildar Þjóðminjasafnsins, en ertu nokkur þjóðháttafræðingur?

„Þegar ég lauk háskólanámi fyrir rúmum tuttugu árum var orðið þjóðháttafræði ekki til í málinu. Ég er með kandidatspróf í íslenskum fræðum með menningarsögu sem kjörsvið. En menningarsaga héti sennilega þjóðháttafræði núna. Það var fyrir röð af tilviljunum sem ég lenti í þessu starfi og það var ekki ég sem tók upp á því að kalla mig þjóðháttafræðing, sá titill festist við mig eftir að ég fór að flytja útvarpsþætti um efnið. Þegar fólk fór að koma frá námi í þjóðháttafræði á síðasta áratug komu fram einhverjar athugasemdir um þennan titil minn. Fólk getur verið dálítið viðkvæmt fyrir sínum gráðum. En þessi orðaleikur skiptir mig engu máli."

— Er það ekki viss tegund íhaldssemi að vera að grafa í fortíðinni eins og þú gerir?

„Það þarf nú ekki að vera. En ég viðurkenni að ég hef meira gaman af fortíðinni en nútíðinni. Maður hefur betri sýn yfir fortíðina og á betra með að velja það skemmtilega úr henni en nútíðinni þar sem allt er í hrærigraut. En það er ýmislegt gaman í nútíðinni."

— Þú ert þá ekki fastur í fortíðinni?

„Nei, það er nú eitthvað annað. Ástæðan fyrir því að ég er allt of afkastalítill sem fræðimaður er sú að ég er á kafi í nútíðinni. Ég hef lítinn frið fyrir henni. Ég er blóðlatur við að skrifa bækur. Eina ráðið til að láta mig skrifa bók er að útgefandi komi og geri við mig samning og reki svo á eftir því að ég skili."

— Ertu að leita að þjóðarsálinni í þínu starfi?

„Ég skil ekki þessa spurningu. Ísland á enga eina þjóðarsál, fólk hugsar svo misjafnt."

— En þú ert þjóðernissinni.

„Já, ég er óforbetranlegur þjóðernissinni! Ég veit þó ekki af hverju, ég hef engan skynsamlegan rökstuðning fyrir því."

— Ertu þá á móti alþjóðahyggjunni?

„Nei, öðru nær, og í því er engin þverstæða nema síður væri, þetta tvennt fer vel saman. Þjóðerniskennd getur að vísu orðið stórhættuleg meðal stórþjóða, en meðal smáþjóða er hún af hinu góða. Þá fer hún saman við hagsmuni alþýðunnar og þar er okkar íslenska dæmi mjög skýrt."

— Þar áttu væntanlega við hermálið.

„Já, og jafnvel landhelgina og álið líka."

— Hefurðu alltaf verið á móti hernum og Nató?

„Já, ég var í gagnfræðadeild MR þegar atburðirnir urðu á Austurvelli 30. mars 1949. Þá var ég áhorfandi og gerði mér ekki ljósa grein fyrir því hvað var að gerast. En af einhverri eðlisávísun var ég á móti hernum. Sú tilfinning óx síðan öll og bólgnaði. Þar fer þjóðernishyggjan og alþjóðahyggjan saman. Og líka verkalýðshyggjan. Ég álít nefnilega að hlutverk hersins sem snýr að Íslendingum sé tvíþætt. Í fyrsta lagi er hann gróðalind fyrir ákveðin fyrirtæki og í öðru lagi er hann hugsanlegur bakhjarl þeirra í stéttaátökum. Ekki þannig að líklegt sé að til þeirra komi, en herinn er ákveðið öryggi. Frá sjónarmiði Bandaríkjanna er nauðsynlegt að hafa herstöðvar úti um allt til að halda vopnaframleiðslunni gangandi. Ég held að Bandaríkin hafi ekki beinlínis áhuga á að ráðast á Sovétríkin. En vopnaframleiðslan er einn allra stærsti þátturinn í efnahagskerfi þeirra svo hver herstöð sem lögð er niður er áfall fyrir þau."

— Nú er sprottin upp friðarhreyfing, hvernig líst þér á?

„Ég er að sjálfsögðu fylgjandi henni. Finnst bara slæmt að ekki skuli allir sjá samhengi kjarnorkukapphlaupsins og Nató. En á því er kannski ekki von, samanber „elítu"-kenninguna. Ég er þó ekkert of bjartsýnn, til þess hef ég orðið fyrir of mörgum vonbrigðum á síðustu 30 árum. En ef fólk getur hlustað hvert á annað án þess að fara í fýlu er það gott. Það er ósköp gott að heyra Magdalenu Schram lýsa hrifningu sinni á vestrænu lýðræði og Hildi Jónsdóttur halda því fram að ekki sé hægt að vera andstæðingur kjarnorkuvopna án þess að vera á móti Nató, án þess að þær fari í fýlu hvor við aðra. Það er sjálfsagt að reyna hvort ekki er hægt að sameinast um að bjarga lífi sínu, því um það snýst málið.

Í framhaldi af þessu langar mig að skamma þína kynslóð fyrir skyssu sem þið gerðuð. Þið höfðuð alla burði og möguleika til að verða meiri og betri en við. En þið voruð óþolinmóð og föruð í fýlu út í þá eldri, af því að þeir tóku ekki mark á ykkur. Þið föruð að lifa ykkar einkalífi og í stað ykkar komu undirmálsmenn. Margt gott fólk varð utangátta í hreyfingunni vegna þessarar óþolinmæði. Þetta er skortur á umburðarlyndi gagnvart þeim miðaldra sem halda um taumana."

— Þá veit ég það. Ég ætla ekki að svara þér heldur fara út í aðra sálma og syrja hvort margumrædd þjóðernishyggja valdi því að þú notar hvert tækifæri til að fara á fjöll?

„Ég veit það ekki. Það er ekki langt síðan ég tók þessa ferðabakteríu. Fram að því gerði ég gys að þeim sem voru að príla á fjöll. Nú fæ ég oft meiriháttar uppljómun sem ekki er hægt að lýsa þegar ég geng á fjöll."

— Er það kannski þessi mikla ást á landinu sem veldur?

„Ja.... ég er rígmontinn af landinu. Líka af þjóðinni. „Elítan" er fjölmennari hér en hjá öðrum þjóðum, þrátt fyrir allt sem um þessa þjóð má segja. Það er til gömul kenning sem segir að þar sem 7 Íslendingar eru saman komnir er eitt skáld. Þá er ekki endilega átt við hagyrðing heldur einhvern sem skarar fram úr."

— Erum við þá ekki fallin í synd?

„Jú, en við komumst í gegnum þetta allt, — líka þið."

— Þú hefur vakið athygli fyrir að skrifa afmælis- og minningargreinar sem stinga nokkuð í stúf við hefðina.

„Er það? Jú, ég veit að þegar ég hef skrifað eftirmæli og afmælisgreinar hefur það stundum farið fyrir brjóstið á fólki, því hefur fundist ég of bersögull. En ég hef líka stundum fengið hrós fyrir. Það er partur af námi mínu og starfi að lesa eftirmæli og frásagnir um fólk og mér hefur fundist það allt of ríkjandi að hafa þær sléttar og felldar. Það er forðast að segja frá einhverju einkennandi ef það sker sig úr fjöldanum. Þessu vil ég andæfa og dreg því fram það sérkennilega, það sem gerði viðkomandi öðruvísi en aðra. Þetta hefur þótt alvöruleysi, eins og þegar ég talaði um gamla fólkið. Og ég er feginn að fá viðbrögð. Verst er að fá engin viðbrögð."